

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag Lambhaga úr landi Ölfusvatns.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir fimm frístundahúsalóðum þar sem heimilt er að reisa allt að 200 m² frístundahús og allt að 40 m² aukahús á hverri lóð. Hámarksveggghæð er 3 m og hámarks mænishæð frá jörðu er 6 m. Þakhalli má vera á bilinu 0-45 gráður.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. júlí 2015.

2. *Breyting á deiliskipulagi Vaðholts í landi Ormsstaða.*

Í breytingunni felst að lóðirnar Vaðholt 2 og 2a eru sameinaðar og breytt í lögbyli þar sem reisa má allt að 300 m² íbúðarhús og allt að 400 m² útihús.
Samþykkt í sveitarstjórn 20. maí 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. júlí 2015.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 15. júlí 2015